



3. desember 2018

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 303. mál á 149. löggjafarþingi.

Með tölvupósti hinn 16. nóvember 2018 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (stjórn og endurskoðun).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki hvað varðar takmörkun á störfum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra hjá kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum í stjórnareiningum annarra félaga og reglum sem taka til endurskoðunar fjármálafyrirtækja. Breytingarnar eru byggðar á tilskipun 2013/36/ESB (CRD IV).

Með 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 92. gr. laganna sem fjallar um upplýsinga- og tilkynningarskyldu endurskoðanda. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skyldu endurskoðanda til þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um atriði eða ákvarðanir, sem hann fær vitneskju um í störfum sínum fyrir fjármálafyrirtæki eða aðila sem eru í nánum tengslum við félagið, sem talin eru upp í þremur liðum í ákvæðinu. Þar eru m.a. nefnd atriði sem varða brot á löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins eða hvers kona brot sem koma til skoðunar við mat á afturköllun starfsleyfis á grundvelli 9. gr. laganna og atriði sem kunna að hafa áhrif á áframhaldandi rekstur félagsins, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu þess. Hér koma til skoðunar atriði sem varða t.d. eigið fé, stórar áhættuskuldbindingar, laust fé, fjármögnun félags o.fl. Þá geta komið til skoðunar atriði sem fela ekki í sér brot á löggjöf á þeim tíma sem vinna endurskoðanda fer fram en geta orðið til þess að lög verði brotin síðar, t.d. vanmat á áhættu í starfseminni. Með brotum á löggjöf er einnig átt við stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru á grundvelli laga sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækis eða ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga sem gilda um starfsemina.

Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa eftirlit með því að fjármálafyrirtæki uppfylli kröfur og skyldur vegna lausafjánhættu. Seðlabankinn setur reglur um laust fé og stöðuga fjármögnun lánastofnana og hefur einnig eftirlit með þeim samkvæmt lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Í 12. gr. þeirra laga er að finna heimild Seðlabankans til þess að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana og lágmark stöðugar fjármögnunar lánastofnana. Fjármálaeftirlitið hefur einnig eftirlit með lausafé og lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja í samræmi við eftirlitsskyldur sínar samkvæmt lögum nr.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

161/2002, um fjármálafyrirtæki, en samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna skulu fjármálafyrirtæki kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis fylgja. Við mat á því hvort fjármálafyrirtæki uppfylli þessar skyldur ber Fjármálaeftirlitinu að líta til stjórnvaldsfyrirmæla og viðmiða Seðlabankans, og annarra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði. Eftirlit með því að fjármálafyrirtæki, önnur en lánastofnanir, fari eftir kröfum og skyldum um lausafjárahættu er einnig í höndum Fjármálaeftirlitsins, sbr. 79. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafa einnig með sér víðtækt samstarf á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Í samræmi við ákvæði laganna var gerður samstarfssamningi á milli stofnananna, dags. 1. desember 2014, þar sem nánar er kveðið á um samstarf og upplýsingaskipti á milli stofnananna. Þar er skýrt kveðið á um að aðilar skuli miðla öllum upplýsingum sem önnur stofnunin býr yfir og nýtist í starfsemi hinnar. Þrátt fyrir þessa gagnkvæmu upplýsingaskyldu telur Seðlabankinn mikilvægt að bankanum berist framangreindar upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu í öllum tilvikum. Þannig leggur Seðlabankinn til skilyrðislausa tilkynningarskyldu eftir því sem tilkynning endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins kann að gefa tilefni til.

Til samræmis við framangreint leggur Seðlabankinn til að í 4. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu beri að upplýsa Seðlabankann ef tilkynning berst sem varðar lausafjástöðu fjármálafyrirtækis. Lagt er til að sambærilegt orðalag 4. mgr. 82. gr. f laga nr. 161/2002 verði tekið upp í 4. gr. frumvarpsins, á þessa leið: „Fjármálaeftirlitið skal upplýsa Seðlabanka Íslands ef tilkynning sem varðar lausafjarmál lánastofnunar berst frá endurskoðanda skv. 2. mgr.”

Seðlabankinn gerir ekki aðrar athugasemdir við efni frumvarpsins og styður framgang þess.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Harpa Jónsdóttir
framkvæmdastjóri